

Aðalfundur NOS

haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 20. október 2017 kl. 13:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Jón G. Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Anna Björg Nielsdóttir, Jón Páll Kristófersson, Helgi Kjartansson, Valtýr Valtýsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Viktoría Sif Kristinsdóttir, Eydís Indriðadóttir og Gunnar Þorgeirsson. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu fór ítarlega yfir skýrslu liðins starfsárs.

Líflegar umræður urðu um skýrsluna og fundarmenn sýndu starfseminni mikinn áhuga.

2. Ársreikningur 2016

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna fyrir árið 2016 lagður fram og staðfestur.

3. Fjárhagsáætlun ársins 2018

Fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2018 lögð fram til staðfestingar. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri frá áætlun líðandi rekstrarárs en þó er ljóst að húsaleiga mun lækka á milli ára. Forsendur gera ráð fyrir ritara í 40% starfi til reynslu árið 2018. Markmiðið með þeirri reynslu er að létta skrifstofutengdum störfum af sérfræðingum þjónustunnar en með því á að vera hægt að auka þeirra afköst og vonandi að fækka verulega á biðlista.

Fjárhagsáætlunin samþykkt.

4. Önnur mál

- Undir þessum lið kom fram að opið hús verður í nýrri aðstöðu Skóla- og velferðarþjónustu 17. nóvember nk. milli kl. 15 og 17, á sama tíma og opið hús verður í nýjum bæjarskrifstofum Hveragerðisbæjar. Allir eru velkomnir en kjörnir fulltrúar, fræðslunefndarmenn og sveitarstjórar á samstarfssvæðinu eru sérstaklega hvattir til að mæta og skoða aðstöðuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari